

## **Framtíðarmál**

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um skipan framtíðarnefndar forsætisráðherra. Nefndin var skipuð sumarið 2018 og samanstendur af 11 þingmönnum úr öllum flokkum. Nefndinni er ætlað að fjalla um helstu tækifæri og ógnanir Íslands í framtíðinni m.t.t. langtímabreytinga á umgengni við náttúruna, lýðfræðilegra breytinga og þeirra hröðu umskipta sem eru í vændum með síaukinni sjálfvirkni.

Stefnuráð stjórnarráðsins er vettvangur innan stjórnsýslunnar sem stuðlar að upplýstri umræðu um tækifæri og ógnanir framtíðarinnar. Stefnuráðið á að vera virkur umræðuvettvangur um framtíðarfræði og styðja þannig við vinnu framtíðarnefndar um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga.

Eitt af verkefnum stefnuráðs verður að:

- Greina helstu hindranir í kerfinu til að framkvæma framtíðargreiningar
- Greina á helstu styrkleika stjórnkerfisins til að framkvæma framtíðargreiningar
- Leggja fram tillögur um úrræði til styrkja grundvöll fyrir framtíðarvinnu í stjórnkerfinu